

Borholur í Svalbarðshreppi



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/020

Júlí 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir staðsetningum á sjö borholum í Svalbarðshreppi í Þistilfirði. Hverri borholu fylgir stutt lýsing og ljósmynd. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einföld kort yfir holurnar (myndir 8 til 11). Aðeins ein hola var í borholuskrá Orkustofnunar. Um hinar er lítið vitað.

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um borholur í Svalbarðshreppi.

Holunúmer	Staðarnúmer	Dýpi í m	Ár	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
GU-01	63901	100	1972	Gunnarsstaðir	66° 09.267	15° 26.049
H-18		?	?	Ytra-Áland	66° 11.733	15° 33.389
H-19		?	?	Flaga	66° 11.900	15° 35.809
H-33		?	?	Gunnarsstaðir	66° 04.146	15° 31.687
H-34		?	?	Gunnarsstaðir	66° 04.301	15° 31.775
H-35		?	?	Gunnarsstaðir	65° 04.214	15° 31.911
H-36		?	?	Gunnarsstaðir	65° 04.307	15° 31.610

Svalbarðshreppur

Gunnarsstaðir GU-01

Borhola GU-01 er við ána (Garðsá) sem rennur niður að Gunnarsstöðum. Hún er í eyri austan við ána um 100 metra fyrir neðan þjóðveginn. Holan er í góðu ásigkomulagi. (1. mynd)



1. mynd. Borhola GU-01 á Gunnarsstöðum. Horft í norður.

Gunnarsstaðir

H-33

Borholan er suður í Garðsártungu skammt frá Heitulind. Holan er á holti austan við flóann sem jarðhitinn er í. Holan er í góðu ásigkomulagi. (2. mynd)



2. mynd. Borhola H-33 á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Borhola H-34 er um 300 metrum norðan við holu 33 og er á lágu holti norðvestan við flóann sem jarðhitinn er í. Holan er í góðu ásigkomulagi. (3. mynd)



3. mynd. Borhola H-34 á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Gunnarsstaðir

H-35

Borhola H-35 er á lágu holti suðvestan við flóann. Hún er um 200 metra suðvestur frá holu H-34 og um 200 metra norðvestan við H-33. Holan er í góðu ásigkomulagi. (4. mynd)



4. mynd. Borhola H-35 á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Gunnarsstaðir

H-36

Borhola H-36 er um 100 metra austur af holu H-34 og stendur á lágu holti norðaustan við flóann með jarðhitnum í. Holan er í góðu ásigkomulagi. (5. mynd)



5. mynd. Borhola H-36 á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Ytra-Áland

H-18

Borhola H-18 er vestan við heimreiðina að Ytra-Álandi. Hún er á lágu urðarholti um 400 metra norðan við þjóðveginn. Holan er í góðu ásigkomulagi. (6. mynd)



6. mynd. Borhola H-18 á Ytra-Álandi. Horft í vestur.

Flaga H-19


Borhola H-19 er á eyri vestan við Sandá og skammt neðan Þjóðveggar. Holan er í góðu ásigkomulagi. (7. mynd)



7. mynd. Borhola H-19 í Flögu. Sandá í baksýn.



8. mynd. Staðsetning borholu GU-01 á Gunnarsstöðum í Svalbarðshreppi.



9. mynd. Staðsetning borholna H-33 til H-36 í Garðsártungu á Gunnarsstöðum í Pistilfirði.



10. mynd. Staðsetning borholna H-18 og H-19 á Ytra-Álandi og Flögu í Svalbarðshreppi.



11. mynd. Yfirlitsmynd af borholum í Svalbarðshreppi.